



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 12. apríl 2023:

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um viðhaldskostnað leik- og grunnskólabygginga, sbr. 22. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. mars 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 8. mars 2023:

Hversu miklum upphæðum hefði í raun átt að veita í viðhald á leik- og grunnskólabyggingum og byggingum fyrirfrístundastarf borgarinnar á árunum eftir efnahagshrunið 2008?

Á þeim tíma varákveðið að ráðast í „hagræðingu“ á viðhaldi sem birtist okkur síðan nokkrum árum síðar með enn meiri kostnaði. Því er ljóst að ekki var um umrædda hagræðingu að ræða.

Hver var viðhaldskuldinn í krónum eftir hrun á föstuverðlagi?

Hversu miklum fjárhæðum í heildina verður eytt í viðhaldsátak borgarinnar sem nú hefur og verður ráðist í?

Svör:

Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur unnið stjórnsýsluúttekt á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar þar sem fyrst og fremst var kannað hvort stjórnskipulagið væri skilvirkt og að viðhaldsstjórnun nái utan um fasteignir A-hluta og hvaða þarfir þarf að uppfylla.

Í þeirri úttekt, nánar tiltekið 7. 8. og 9. kafla, koma fram svör við þessari fyrirspurn.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík 9. júní 2023
IER22120011
HS/KV

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar, stjórnsluúttekt

Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur unnið stjórnsluúttekt á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar þar sem fyrst og fremst var kannað hvort stjórnskipulagið væri skilvirkt og að viðhaldsstjórnun nái utan um fasteignir A-hluta og hvaða þarfir þarf að uppfylla.

Stjórnendur á fjármála- og áhættustýringarviði, umhverfis- og skipulagssviði og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara fengu niðurstöður Innri endurskoðunar og ráðgjafar til yfirferðar. Ekki er ágreiningur um niðurstöður en meðal þeirra helstu var að:

- Endurskoða þarf stjórnskipulag sem styður við skilvirka eigna- og viðhaldsstjórnun hjá Reykjavíkurborg.
- Skilgreina þarf viðhaldsstefnu sem styður við heildarstefnu Reykjavíkurborgar, Græna planið.
- Bæta þarf viðhaldsáætlunarferlið. Það verði gert m.a. með því að taka tillit til viðhaldsstefnu, markmiða og áhættu, gera ákvörðunaraðila fjármagns til viðhaldsmála betur upplýsta um afleiðingar ákvarðana og tengja eigendahlutverkið við ferlið. Einnig ætti að horfa til lengri tíma við gerð viðhalds- og kostnaðaráætlana.
- Skilgreina þarf lykilmælikvarða til að meta stöðu og árangur í eigna- og viðhaldsstjórnun.


Niðurstöður úttektarinnar eru hér með sendar borgarráði til upplýsinga.

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar, stjórnsluúttekt, dags. 5. júní 2023



Viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar

Stjórnsýsluúttekt



Innri endurskoðun og ráðgjöf
fagsvið innri endurskoðunar

5. júní 2023
IER22120011